

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 220/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Margréti Ágústs dóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag, og krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hún málskostnaðar úr ríkissjóði. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Margrét Ágústs dóttir, f. 06. 10. 1957, til heimilis að Skúlagötu 56 hér í borg, verði úrskurðuð til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 14. nóvember n.k., kl. 17:00.

Kærða hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þessir:

RLR rannsakar nú innbrot og þjófnaði úr læknastofunni að Miklubraut 50 og tannlæknastofunni að Laugavegi 74 hér í borg, sem talið er, að hafi átt sér stað 1. og 2. nóvember sl. Jafnframt er nú unnið að rannsókn á innbrotþjófnaði í húsi Osta- og smjörölunnar, Snorrabraut 54, Reykjavík, sem framinn var að kvöldi 23. júní sl.

Samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 4. þ.m. var heimiluð húsleit að Skúlagötu 56 hér í borg, heimili kærðu, og var kærða handtekin

þar ásamt Unni Ágústsdóttur og Atla Bergmann, sem þar búa einnig. Við húsleitina fundust ýmsir munir, þ. á m. sterk lyf og myndavél, sem talið er, að horfið hafi í framangreindum innbrotum. Kærða hefur neitað að vita nokkuð um, hvernig munir þessir hafa borist inn á ofangreint heimili hennar.

Þá hefur Matthildur Eiðsdóttir, f. 18. 03. 1961, sem handtekin var að kvöldi 3. nóvember sl., borið, að Unnur Ágústsdóttir hafi fengið henni tékkhefti á Sparisjóð Vestmannaeyja, sem fannst á Matthildi við handtökuna. Kvað Matthildur, að kærða hafi vitað um afhendinguna á tékkhefti þessu og jafnframt hafi kærða látið hana hafa ökuskírteini sitt, sem einnig fannst á henni, og kvaðst Matthildur hafa ritað nafn kærðu sem útgefanda tékka úr heftinu og framvísað ökuskírteini kærðu, er hún seldi þá. Kærða hefur alfarið neitað að vita nokkuð um tékkhefti þetta eða hafa látið Matthildi hafa ökuskírteini sitt.

Í þágu rannsóknar mála þessara þykir rétt samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina til þess að koma í veg fyrir, að kærða geti með óskertu frelsi sínu torveldað rannsóknina. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember 1984, kl. 17:00. Kærða er grunuð um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu, m.a. samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Margrét Ágústsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember 1984, kl. 17:00.
